

**Lögreglustjórin á Austurlandi**  
**06 317**

**Ársreikningur 2019**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Lögreglustjóriinn á Austurlandi**

**kt. 680814-0740**

**Strandgötu 52, 735 Eskifjörður**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Hlutverk lögreglu er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 09 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Árinu 2019 var ársveltan kr. 519,4 milljónir og afkoma kr. -30,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 17,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 96,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Austurlandi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Austurlandi fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Margrét María Sigurðardóttir  
Lögreglustjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	511.100.000	479.800.000
Seld þjónusta .....	3	1.174.522	3.170.211
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	4.347.017	1.695.203
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	2.807.269	2.300.711
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>519.428.808</b>	<b>486.966.125</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	414.347.800	383.030.711
Annar rekstrarkostnaður .....	6	132.787.349	102.671.953
Afskriftir .....	7	2.807.269	2.300.711
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>549.942.418</b>	<b>488.003.375</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>			
		(30.513.610)	(1.037.250)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(25.818)	(18.150)
		(25.818)	(18.150)
	<b>Afkoma ársins</b>	<b>(30.539.428)</b>	<b>(1.055.400)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....	19.328.424	14.767.205	
Farartæki og vélar .....	204.750	228.150	
Aðrar eignir .....	5.178	8.828	
	<b>19.538.352</b>	<b>15.004.183</b>	
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>19.538.352</b>	<b>15.004.183</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	0	13.826	
Tengdir aðilar .....	73.837.546	108.509.217	
Handbært fé .....	3.517.503	436.518	
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>77.355.049</b>	<b>108.959.561</b>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>96.893.401</b>	<b>123.963.744</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	11		
	<b>17.670.643</b>	<b>53.291.518</b>	
	<b>17.670.643</b>	<b>53.291.518</b>	
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	2.303.167	787.000
Viðskiptaskuldir .....		2.143.581	5.121.033
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	53.328.572	43.509.486
Frestun tekjfærslu fjárfestingarheimilda .....	13	21.447.438	21.254.707
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>79.222.758</b>	<b>70.672.226</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>96.893.401</b>	<b>123.963.744</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymsyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(30.539.428)	(1.055.400)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	2.807.269	2.300.711
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(2.807.269)	(2.300.711)
		<hr/>	<hr/>
		(30.539.428)	(1.055.400)
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		13.826	(13.826)
Tengdir aðilar .....		36.187.838	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		6.841.634	(3.595.898)
		<hr/>	<hr/>
		43.043.298	(3.609.724)
		<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		12.503.870	(4.665.124)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(7.341.438)	(6.349.476)
		<hr/>	<hr/>
		(7.341.438)	(6.349.476)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....		(5.081.447)	0
Tengdir aðilar .....			(1.572.655)
Fjárfestingarframlag .....		3.000.000	12.600.000
		<hr/>	<hr/>
		(2.081.447)	11.027.345
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		3.080.985	12.745
		<hr/>	<hr/>
		436.518	423.773
<b>Handbært fé í árslok</b>		3.517.503	436.518

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymsyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhætta og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifaað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppseiganlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppseiganlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

	2019	2018		
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>				
Fjárveiting ársins .....	511.100.000	482.300.000		
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(2.500.000)		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	511.100.000	479.800.000		
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	2.807.269	2.300.711		
	<b>513.907.269</b>	<b>482.100.711</b>		
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>				
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	521.100.000	0	0	521.100.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(10.000.000)	0	0	(10.000.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>511.100.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>511.100.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .....	(541.639.428)	0	0	(541.639.428)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(30.539.428)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(30.539.428)</b>
	2019	2018		
<b>3 Seld þjónusta</b>				
Ýmsar þjónustutekjur .....	1.174.522	1.315.153		
	<b>1.174.522</b>	<b>3.170.211</b>		
<b>4 Framlög og ýmsar tekjur</b>				
Leigutekjur .....	478.338	490.167		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	50.000	0		
Ýmsar tekjur .....	3.818.679	1.205.036		
	<b>4.347.017</b>	<b>1.695.203</b>		
<b>5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>				
Laun .....	329.882.436	308.224.121		
Orlof, breyting .....	7.801.736	1.770.741		
Launatengd gjöld .....	75.661.610	71.781.663		
Starfsmannakostnaður .....	1.002.018	1.254.186		
	<b>414.347.800</b>	<b>383.030.711</b>		
Meðalfjöldi stöðugilda .....	29,4	27,8		

## Skýringar

	2019	2018
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	877.401	935.256
Byggingarvörur, almennar .....	11.491	170.280
Byggingarvörur, aðrar .....	126.681	42.814
Tæki og búnaður til innréttингa .....	1.333	50.233
Ýmis tæki og áhöld .....	2.282.243	2.507.327
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	2.296.534	5.382
Orkugjafar .....	4.936.997	4.469.854
Matvæli .....	4.704.881	3.924.094
Almennar rekstrarvörur .....	4.487.853	2.853.727
Vörukaup, almenn	<u>19.725.414</u>	<u>14.958.967</u>
Rannsóknarstofuefní .....	82.050	0
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	86.630
Vörukaup, sérgreind	<u>82.050</u>	<u>86.630</u>
Fundir, námskeið, risna .....	180.300	190.550
Ferðir, uppihald .....	5.552.683	4.014.215
Akstur .....	4.995.460	3.474.361
Sérfræðipjónusta .....	2.570.686	1.069.792
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	84.531	23.304
Auglýsingar og kynningarstarfssemi .....	77.304	81.148
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.075.060	1.216.578
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>15.536.024</u>	<u>10.069.948</u>
Samningsbundin kaup og leiga .....	1.419.568	0
Afnotagjöld .....	3.873.221	3.265.837
Leigugjöld .....	74.266.170	61.535.475
Notkun véla og flutningatækja .....	351.293	231.217
Verkkaup .....	5.749.105	2.874.437
Kostnaðarhlutdeild .....	11.209.125	9.474.130
Tryggingar, lögbóðnar .....	200.096	0
Opinber gjöld .....	349.863	139.812
Tilfærslur .....	25.420	35.500
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>97.443.861</u>	<u>77.556.408</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>132.787.349</u>	<u>102.671.953</u>

## Skýringar

	2019	2018
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.780.219	2.279.546
Farartæki og vélar .....	23.400	5.850
Aðrar eignir .....	3.650	3.650
Sölutap og úreltar eignir .....	0	11.665
	<u>2.807.269</u>	<u>2.300.711</u>
	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	19.328.424	14.767.205	
Farartæki og vélar .....	204.750	228.150	
Aðrar eignir .....	5.178	8.828	
	<u>19.538.352</u>	<u>15.004.183</u>	

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	26.185.860	234.000	36.505	26.456.365
Viðbætur á árinu .....	7.341.438	0	0	7.341.438
	<u>33.527.298</u>	<u>234.000</u>	<u>36.505</u>	<u>33.797.803</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	11.418.655	5.850	27.677	11.452.182
Afskrift ársins .....	2.780.219	23.400	3.650	2.807.269
	<u>14.198.874</u>	<u>29.250</u>	<u>31.327</u>	<u>14.259.451</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>19.328.424</u>	<u>204.750</u>	<u>5.178</u>	<u>19.538.352</u>

**31.12.2019      31.12.2018**

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	73.838.546	70.986.296
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	(1.000)	0
Aætluð leiðréttung vegna fjárveitinga .....	0	37.522.921
	<u>73.837.546</u>	<u>108.509.217</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	2.303.167	787.000
	<u>2.303.167</u>	<u>787.000</u>

## Skýringar

### 10 Handbært fé

Tékkareikningar .....	3.517.503	436.518
	<u>3.517.503</u>	<u>436.518</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 3,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárréikningum:

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	53.291.518	54.346.918
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(5.081.447)	0
Afkoma ársins .....	(30.539.428)	(1.055.400)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>17.670.643</u>	<u>53.291.518</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í sérfirli með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
<b>12 Ymsar skammtímaskuldur</b>		
Ógreitt orlof .....	51.311.222	43.509.486
Ógreidd laun .....	1.886.672	0
Önnur ógreidd gjöld .....	130.678	0
	<u>53.328.572</u>	<u>43.509.486</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	19.538.352	15.004.183
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	1.909.086	6.250.524
	<u>21.447.438</u>	<u>21.254.707</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	15.004.183	6.250.524	21.254.707
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.000.000	3.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	7.341.438	(7.341.438)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(2.807.269)	0	(2.807.269)
	<u>19.538.352</u>	<u>1.909.086</u>	<u>21.447.438</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## **Skyringar**

### **14 Aðrar upplýsingar**

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörlsu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 26,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörlusamninga kerfa kr. 9,5 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.